

Sýningar



Veðurfar og tærleiki lita

Þrjú spænskir listmálarar, þeir Carmelo Hidalgo, Marijo Murillo og Rocío Gallardo opna málverkasýningu í Gallerí Reykjavík á morgun kl. 14-16. Þeir eru allir búsettir í Reykjavík og starfa hérlendis að list sinni. Í verkunum fjalla þeir um upplifanir af íslensku mannlífi, menningu, landslagi, veðurfari og tærleika lita. Allir eru velkominir og aðgangur er ókeypis. Gallerí Reykjavík er að Skólavörðustíg 16. Það er opið frá 12 til 18 virka daga og laugardaga frá 11 til 16.

Nýleg og eldri verk

Pétur Þór Gunnarsson opnar málverkasýningu að Glerárgötu 36 á morgun, laugardaginn 20. apríl kl. 16. Þar sýnir hann um 40 málverk, bæði nýleg og eldri verk. Sýningin er haldin í samvinnu við Listhúsið Þing og er aðeins opin þessa helgi. Á morgun er opið frá kl. 16 til kl. 20 og sunnudag er opið frá kl. 14 til 17.

Hönnun og málverk



Tvær sýningar verða opnaðar í Gallerí Skugga, Hverfisgötu 39, á morgun kl. 17. Á efri hæð opnar Kristinn Pálmason málverkasýningu. Hann hefur gert margvíslegar en hnitmiðaðar tilraunir í málverki og veltir m.a. fyrir sér hinu „einstaka“ í listinni og hverjir séu raunþættir persónulegs stíls. Gulleik Lövskar er Norðmaður en hefur búið og starfað í Reykjavík síðan 1995. Hann er húsgagnasmíður, hönnuður og innanhússarkitekt að mennt og á þessari fyrstu einkasýningu sinni tekst hann á við að sameina nýjar tilraunir við gamla hefð í húsgagnsmíði.

Flæði

Kristín Þorkeldsdóttir opnar sýningu á nýjum vatnslitaverkum í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, á morgun 20. apríl kl. 15. Þetta er hennar ellifta einkasýning og nefnist hún Flæði. Náttúran er sem fyrr kveikjan að myndum Kristínar. Á opnum mun Sigrún Hjálmtýsdóttir syngja nokkur lög og á píanóid leikur Anna Guðný Guðmundsdóttir.

Með þangi og ösku



Leirlistamaðurinn Bjarni Sigurðsson opnar sýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði á morgun kl. 15.

Hún nefnist Hringbrot enda öll verkin byggð á hringforminu. Sum þeirra eru brennd með þangi og ösku til að ná fram náttúrulegri áferð enda hefur Bjarni þróað fjölda glerunga til að fá fram mismunandi hrjúfleika og litadýrð. Þetta er fyrsta sýning Bjarna hérlendis en hann hefur oft sýnt í Danmörku og verk hans eru í eigu margra opinberra aðila. Sýningin í Hafnarborg er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17.

Pennateikningar

Brynja Árnadóttir hefur opnað sýningu á pennateikningum í versluninni og veitingastaðnum Te & kaffi á Laugavegi 27 í Reykjavík. Sýningin er opin á virkum dögum frá 9-18 og á laugardögum frá 10-16. Sýningin stendur til 30. apríl 2002.

Brynja er fædd á Siglufirði og lærði teikningu þar hjá Birgi Schiöth. Einnig nam hún hjá Ragnari Kjartanssyni myndlistarmanni í Myndlistarskólanum við Freyjugötu, og hjá Jóni Gunnarssyni listmálarar í Baðstofunni í Keflavík. Sýning Brynju í Te & kaffi er fjórtaða einkasýning hennar.

Söfnin okkar

Listasafn Ásmundar Sveinssonar:

Setur sterkan svip á umhverfið

„Þetta er skemmtilegt hús og það er mjög góður andi í því. Enda eru margir sem koma hingað beinlínis til að skoða það. Það er ekki sísta listaverkið,“ segir María Hauksdóttir sem tekur á móti fólki í Listasafni Ásmundar Sveinssonar við Sigtún í Reykjavík. Listasafnið setur líka sterkan svip á umhverfi sitt, bæði kúpulhúsið, sýningarsalurinn og höggmyndagarðurinn umhverfis það sem um þrjátíu stytur þrýða.


Notaði vindorku

Sjálfur hannaði listamaðurinn kúpulhúsið sem var bæði vinnustofa og íbúðarhús hans og konu hans, Gunnfríðar Jónsdóttur. Húsið byggði Ásmundur að mestu með eigin hendi á árunum 1942-50. Hann notaði vindorku til að hræra steypu í veggina og þakvelfinguna og hlýtur það að hafa talist til nýjunga í byggingariðnaði. Hann byggði líka bogalaga sýningarsalinn á bak við kúluhúsið því hann vildi hafa verk sín aðgengileg fyrir almenning. Það hús notaði hann jafnframt sem vinnuástöðu. Síðar voru þessi hús tengd saman með viðbyggingu sem Manfræð Vilhjálmsson, arkitekt hannaði.

Safnið er hluti Listasafns Reykjavíkur og var stofnað 1983, eftir lát Ásmundar, enda hafði hann ánaftað Reykjavíkurborg húsið og listaverkin eftir sinn dag. Þar er opið alla daga frá 13-16 yfir veturinn og kl. 10-16 á sumrin.

Ásmundur Sveinsson var fæddur vestur í Dölum 1893, á Kolsstöðum í Miðdölum, einn ellefu systkina. Hann ólst þar upp við algeng sveitastörf, heimilisiðnað og bóklestur og átti þar heima til tuttugu og tveggja ára aldurs. Í bók, sem rituð hefur verið um mótunarár hans, er haft eftir honum að

Vatnsberinn
Frá 1936-1967



hann hafi verið afleitur smali vegna sjónskekkju og því ekki þótt gott efni í dugmikinn bónda. Það hafi orðið honum til bjargar sem listamanni. Hann vildi nefnilega helst vera eitthvað að dútla og nokkrir smíðisgripir eru til eftir hann frá fyrstu áratugum ævi hans. Eitt sinn þegar hann var barn átti að taka af honum mynd. Þá sagði hann: „Ég vil fá mynd af mér sem er eins og glerstrákurinn


og Tyrklands sem listamaðurinn taldi að henta mundi vel hinu hrjóstruga Íslandi.

Mannlíf og sagnaheimur

María segir mikinn fjölda gesta heimsækja Listasafn Ásmundar árlega. Þeir gestir komi jafnt og þétt og útlendingar séu þar í meirihluta en íslenskir skólahópar séu líka oft á ferð. Í safninu getur að líta verk sem spanna allan feril listamanns-



Með vinsælustu styttna
María Hauksdóttir afgreiðir í Listasafni Ásmundar. Hún segir styttna af konunni með strokkinn vera vinsælasta.



Í sýningarsalum
Margt gleður augað í bogabyggingunni.

Tíminn
Frá 1952

minn“, svo snemma hefur hann fengið áhuga á styttnum. Hann lærði tréskurð í Reykjavík hjá Ríkarði Jónssyni og síðar nam hann við listaskóla í Danmörku og Svíþjóð og dvaldi um skeið í París.

Ásmundur var meðal frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar og sótti innblástur í íslenska náttúru, bókmenntir og lífið í landinu. Hann til-einkaði sér þó líka alþjóðlega strauma og yfirfærði þá í sín íslensku verk. Í hönnun hússins sem hann byggði sér við Þvottalaugaveg, nú Sigtún, gættir til dæmis áhrifa frá húsagerð Grikklands

Helreiðin
Frá 1944



Tónar hafsins

Steinsteypt verk frá 1950. Konur voru listamanninum kært viðfangs efni. Hér er ölduform í öllum línunum. Kúluhúsið í baksýn.

Heyband
Frá 1935



ins og sýna vel þá þróun sem varð á hans ferli í gegnum tíðina.

Skipt er um listaverk að nokkru leyti í safninu af og til. Nú er þar uppi sýningin Svipir lands og sagna þar sem hugmyndirnar að listaverkunum eru fengnar úr íslensku mannlífi, landslagi og sagnaheimi. Sumar stytturnar eru þekktar því þær hafa glatt augu landsmanna í miklu stærra formi einhvers staðar úti við.

Í afgreiðslu safnsins er verslun þar sem afsteypur af völdum verkum Ásmundar eru til sölu, ásamt listaverkabókum og kortum. María segir konuna með strokkinn vinsælustu styttna.

Ásmundur var þekktur fyrir að vera leitandi í listinni og takast stöðugt á við ný og ný form.

„Fegurð er ekki til, aðeins leit að fegurð,“ er haft eftir Rodin. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari bætti við þau ummæli og sagði: „En leitinni eru engin takmörk sett.“

-Gun.